

Myndlistardeild

# Ferli í listsköpun

*Leifar í verknaði*

**Lokaritgerð til BA-gráðu í myndlist**

**Sólveig Eir Stewart**

**Vorönn 2015**

**Myndlistardeild**

# **Ferli í listsköpun**

*Leifar í verknaði*

**Ritgerð til BA-gráðu í myndlist**

**Sólveig Eir Stewart**

**Kt.: 051092-3339**

**Leiðbeinandi: Margrét Elísabet Ólafsdóttir**

**Vorönn 2015**

## Útdráttur

Í þessari ritgerð leitast ég við að svara spurningum er varða ferli, upplifun, hvað það er sem knýr manneskjuna til að skapa og hvaðan áhuginn á lífi og sköpun annarra kemur. Útgangspunktur ritgerðarinnar er þýðing á texta sem skrifaður var á 4. – 3. öld fyrir Krist og er eftir kínverska taóistann Chuang Tzu. Í textanum fjallar hann um lærdóminn sem liggur handan orða og felst í athöfninni (ferlinu). Út frá textanum tengi ég framvindu tungumálsins, mátt orðsins og mikilvægi þess sem liggur handan orðanna við sköpunarferlið út frá skrifum Walter Benjamin, Walter J. Ong, Nicholas Carr og fyrirlestri rithöfundarins Susan Blackmore. Ég mun fjalla um myndrænu söguna sem er undirliggjandi í listaverkum og líki hinum forna sögumanni munnlegrar hefðar við listamanninn. Ég styðst við kenningar John Dewey um samband áhorfanda, listaverks og þess sem stendur eftir auk þess sem ég fjalla um viljann til þess að skilja eitthvað eftir sig og það sem því fylgir út frá *Samdrykkju* Platons. Jafnframt tengi ég saman list Richard Long, Francys Alÿs og Yves Klein, sem unnið hafa út frá hugmyndum sem tengjast inn á þessi svið. Að lokum mun ég fjalla um eigin verk og einkasýninguna mína, *Dreggjar / Remnants* (2014), sem átti þátt í að vekja áhuga minn á þessu tiltekna efni. Með þessa þætti að leiðarvísi mun ég varpa ljósi á viðhorf mitt til eigin sköpunarferlis, listarinnar og lífsins sjálfs.

## EFNISYFIRLIT

<b>INNGANGUR</b> .....	<b>3</b>
<b>1. Tungumálið og hin „eilífa hræðsla“</b> .....	<b>5</b>
<b>2. Mnemosyne og vélin</b> .....	<b>7</b>
<b>3. Hinn sjónræni sögumaður</b> .....	<b>8</b>
<b>4. Ferlið í verki</b> .....	<b>10</b>
<b>5. Listin og dauðinn</b> .....	<b>12</b>
<b>6. Líf handan dauða</b> .....	<b>15</b>
<b>7. Fingrafarið og eilífðin: Sjálfsskoðun</b> .....	<b>17</b>
<b>Lokaorð</b> .....	<b>18</b>
<b>HEIMILDASKRÁ</b> .....	<b>20</b>
<b>VIÐAUKI</b> .....	<b>22</b>

Hwan hertogi frá Khi,  
fremstur af konungsætt sinni,  
sat undir tjaldhimni  
og las heimspeki;  
Hjólasmiðurinn Phien  
var úti í garði  
að smíða hjól.  
Phien lagði frá sér  
hamar og meitil,  
gekk upp tröppurnar  
og sagði við Hwan hertoga: „Mætti ég spyrja  
þig, herra,  
hvað er þetta sem þú lest“?  
Hertoginn svaraði:  
„Rit sérfræðinganna. Rit yfirvaldanna.“  
Og Phien spurði: „Lifandi eða látinna?“  
„Löngu látinna.“  
„Þá,“ sagði hjólasmiðurinn,  
„ert þú aðeins að lesa skítinn sem þeir skildu  
eftir sig.“  
Hertoginn svaraði:  
„Hvað veist þú um það?  
Þú ert bara hjólasmiður.  
Eins gott að þú gefir mér góða útskýringu  
annars skalt þú deyja.“  
Hjólasmiðurinn sagði:  
„Leyfum okkur að líta á þetta mál  
frá mínu sjónarhorni.  
Þegar ég smíða hjól,  
ef ég geri það laust, detta þau í sundur,  
ef ég er of ónákvæmur, passa þau ekki.  
Ef ég er hvorki of mjúkur né ofsafullur  
er útkoman rétt. Verknaðurinn er eins og  
ég vil að hann sé.  
Ekki er hægt að útskýra þetta með orðum:  
Maður verður bara að vita hvernig þetta er.  
Ég get ekki einu sinni sagt mínum eigin syni  
hvernig þessu er háttað,  
Og sonur minn getur ekki lært það frá mér.  
Svo hér stend ég, sjötíu ára,  
enn að smíða hjól!  
Hinir fornu menn  
tóku allt sem þeir vissu í raun og veru  
með sér í gröfina. Þess vegna, herra, er það  
sem þú ert að lesa  
aðeins skíturinn sem þeir skildu eftir sig.“<sup>1</sup>

---

<sup>1</sup> Mín þýðing úr ensku. Sjá þýðingu Thomas Merton í *The Way of Chuang Tzu* í viðauka (Nr. 1).

## INNGANGUR

Textinn sem vísað er í hér að framan á uppruna sinn á 4. – 3. öld fyrir Krist. Hann er eftir Chuang Tzu, sem er af mörgum talinn einn fremsti taóisti Kína,<sup>2</sup> en er þýddur af Thomas Merton. Þar sem textar af þessu tagi eru oftast opnir til túlkunar er flókið að þýða þá án þess að varpa fram sinni eigin hugsun. Thomas Merton er talinn gera það á skemmtilegan hátt og nær að halda sögunni eins opinni og enskan leyfir.

Kjarni textans *Hertogi Hwan og hjólasmiðurinn (Duke Hwan and the Wheelwright)*, snýst um gildi lærdóms og hvernig best sé að öðlast skilning á tilteknum hlut. Hwan lærir með því að lesa rit látinna spekinga en hjólasmiðurinn Phien lærir af því að framkvæma, það er lærir meðan ferlið (smíðin) stendur yfir. Phien segir að ritin séu aðeins leifar þess ferlis sem spekingarnir höfðu sjálfir upplifað. Með þessu á hann við að dýpsta lærdóminn sé að finna í því sem er handan orða og ritaðs máls, sem sagt í ferlinu eða upplifuninni sem felst í reynslunni.

Hins vegar eru ferli og upplifun orð sem að tengjast inn á mörg svið í daglegu lífi. Það getur til dæmis verið ferli að borða mat, en það er ekki fyrr en að máltíð lokinni að ferlið í heild sinni er orðið að upplifun. Það er engin leið fyrir eina manneskju að upplifa ferli sem önnur manneskja hefur gengið í gegnum. Óhjákvæmilega verður upplifunin öðruvísi, vegna þess að hver og einn er bundinn sínum eigin líkama og reynslu. Fyrir mér virkar listin á sama hátt. Hún er eitthvað sem er handan orða og höfðar beint til tilfinninga okkar.

En hvers vegna finnst okkur áhugavert að fylgjast með ferli, upplifun og sköpun annarra? Hvað er það sem knýr manneskjuna til þess að skapa yfirhöfuð? Og hvar liggja mörk ferlis, hugmyndar og afurðar í listaverkinu sjálfu? Ferlið er eitthvað sem hefur ávallt heillað mig: það að gera og skilja eitthvað eftir sig. Jafnframt hefur ferlið sjálft verið útgangspunktur í gerð minnar eigin myndlistar.

Í þessari ritgerð leitast ég við að svara ofangreindum spurningum. Auk þess tengi ég framvindu tungumálsins, mátt orðsins og mikilvægi þess sem liggur handan orðanna við sköpunarferlið út frá skrifum Walter Benjamin, Walter J. Ong og Nicholas Carr og út frá fyrirlestri rithöfundarins Susan Blackmore.

---

<sup>2</sup> Geir Sigurðsson. „Hvað er daoismi?“. *Vísindavefurinn*, 4.6.2014, Sótt 7.12.2014. <http://visindavefur.is/?id=10145>

Ég styðst við kenningar John Dewey um samband áhorfanda, listaverks og þess sem stendur eftir auk þess sem ég fjalla um viljann til þess að skilja eitthvað eftir sig og það sem því fylgir út frá *Samdrykkju* Platons. Ég tengi saman list Richard Long, Francys Alÿs og Yves Klein, sem unnið hafa út frá hugmyndum sem tengjast inn á þessi svið. Með þessa þætti að leiðarvísi mun ég að lokum varpa ljósi á viðhorf mitt til eigin sköpunarferlis, listarinnar og lífsins sjálfs.

## 1. Tungumálið og hin „eilífa hræðsla“

Tungumálið hefur með tíð og tíma mótað mannkynið í þá mynd sem við erum í dag. Það hefur gert okkur kleift að greina einn hlut frá öðrum og síðan í undirflokkum. Fyrir tíma hins ritaða máls sagði fólk sögur sem gengu mann fram af manni. Það notaði tungumálið sem verkfæri til að miðla vísu og festa hana í minninu. Um þetta fjallar Walter J. Ong í bók sinni *Orality and Literacy*. Samkvæmt honum mynduðust tækifæri með tilkomu ritunar, tækifæri til að nota sköpunargáfunu og festa orð í texta um leið og þau voru hugsuð. Orðin festust á áþreifanlegum fleti í stað þess að festast í minninu. Í bók sinni talar Ong um tilraunir sem gerðar voru á ýmsum hópum manna og sýndu fram á að með tilkomu ritmálsins hafi hugsun fólks tekið miklum breytingum. Það fór til að mynda að hugsa um hluti á rökfræðilegri hátt þar sem áður ríkti efahyggja. Í stað ástandshugsunar kom flokkunarhugsun.<sup>3</sup>

Sem dæmi um þetta mætti nota orðið „hestur“. Fyrir þá sem lært hafa lestur og skrift verður orðið hestur ekki aðeins vísun í fyrirbærið sjálft heldur einnig í hið skrifaða orð: hestur. Sex stafir sem raðað hefur verið hlið við hlið og hafa hver um sig tengingu við ákveðið hljóð. Saman mynda hljóðin heild sem verður að einhverju sem vísar út fyrir sig sjálft, vísar aftur til orðsins og þar af leiðandi í fyrirbærið hest. Þetta er eitthvað sem verður ekki aflært.

Walter J. Ong vísar í gríska heimspekinginn Sókrates í sambandi við hið ritaða orð í bók sinni *Orality and Literacy*. Hann segir að Sókrates hafi haldið því fram að hið ritaða mál væri ekki mennskt. „Ritunin reynir að breyta lifandi hugsunum sem búa í hugum manna í ekkert nema hluti í efniskenndum heimi. Með því að treysta á hið skrifaða frekar en það sem fólk er sjálft fært um að hugsa, munu kraftar huga og minnis veikjast. Sannur vísdomur getur aðeins fæðst úr sambandi virkra huga. Og ólíkt manneskju, getur texti ekki svarað spurningu; hann mun alltaf halda áfram að segja það sama aftur og aftur, þótt hann hafi verið afsannaður mörgum sinnum.“<sup>4</sup>

---

<sup>3</sup> Walter J. Ong, *Orality and Literacy* (Routledge, New York, 1982) bls. 51.

<sup>4</sup> “Writing, Socrates argues, is inhuman. It attempts to turn living thoughts dwelling in the human mind into mere objects in the physical world. By causing people to rely on what is written rather than what they are able to think, it weakens the powers of the mind and of memory. True knowledge can only emerge from a relationship between active human minds. And unlike a person, a text can't respond to a question; it will just keep saying the same thing over and over again, no matter how often it is refuted.”



Í bók sinni, *The Shallows*, telur bandaríski rithöfundurinn Nicholas Carr að Sókrates hafi haft rétt fyrir sér að vissu leyti hvað varðar breytingu minnisins: að við þyrftum ekki að leita innra með okkur eftir öllu, heldur gætum við flett því upp í staðinn. Samkvæmt Carr sá hann ekki fyrir að ritun myndi í raun víkka skilning okkar á ákveðnum hlutum. Carr vísar í ítalska rithöfundinn og fræðimanninn Umberto Eco, sem heldur því fram að hræðsla Sókratesar hafi í raun verið eilíf hræðsla (*eternal fear*): hræðsla við að ný, tæknitengd afrek gætu gert út af við eitthvað dýrmætt eða eitthvað sem stæði fyrir andlegu gildi í sjálfu sér. Hann taldi því hræðslu Sókratesar hafa verið á villigötum. Carr segir að samkvæmt Eco séu rituð orð viðbót við minnið auk þess sem þau bæti það frekar en að deyfa.<sup>5</sup>

Árið 2008 hélt breski rithöfundurinn og fyrirlesarinn Susan Blackmore TED fyrirlestur sem bar heitið *Memes and “Temes”* og byggðist að hluta til á bók hennar, *The Meme Machine*. Hugtakið „meme“<sup>6</sup> vísar í það sem er afritað, tekið upp eða hermt eftir í gegnum mannlega vitund. Í fyrirlestri sínum tekur Blackmore tungumálið fyrir sem dæmi um „meme“. Hún líkir því við sníkjudýr sem við höfum náð að aðlaga okkur að. Tungumálið gerir okkur að því sem við erum auk þess sem við höldum tungumálinu á lífi og í stöðugri þróun. Samkvæmt Blackmore var hið ritaða mál í raun þróað til þess að skrásetja „meme“.

Í fyrirlestrinum talar Blackmore einnig um komu véla, internetsins og nýrrar tækni. Hún telur að menn séu byrjaðir að reiða sig á hana líkt og þeir hafa reitt sig á tungumálið. Í raun gætu flestir nútímamenn varla hugsað sér lífið án hennar. Í þessu samhengi setur Blackmore fram þá tilgátu að ólíkt tungumálinu gæti þessi nýja tækni hugsanlega lifað án okkar á einhverjum tímamarki. Hún kallar eftiröpun af þessu tagi „temes“, vegna þess að hún er hvorki menningartengd né tilheyrir hún mannum. Samkvæmt kenningu Blackmore er þessi framvinda jafnvel hættuleg tilvist mannsins. Við þurfum stöðugt að halda okkur í takti við nýjustu tækni en erum á sama tíma, hugsanlega að tapa þáttum sem gera okkur mannleg.<sup>7</sup> Kenning Blackmore gæti ef til vill tengst eilífri hræðslu

---

<sup>5</sup> Nicholas Carr, *The Shallows: What the Internet is Doing to our Brains* (Norton & Company, New York, London, 2011) bls. 177 – 178.

<sup>6</sup> Líffræðingurinn og rithöfundurinn Richard Dawkins, var fyrstur að nota hugtakið í bók sinni *The Selfish Gene*.

<sup>7</sup> Susan Blackmore, *Memes and “Temes”*, *TED talks*. Febrúar, 2008. Sótt 2. janúar, 2015. [http://www.ted.com/talks/susan\\_blackmore\\_on\\_memes\\_and\\_temes?language=en#t-53127](http://www.ted.com/talks/susan_blackmore_on_memes_and_temes?language=en#t-53127)

Sókratesar sem Nicholas Carr vísar í. Róttækar vangaveltur um framtíð og framvindu lífs okkar af þessu tagi eru mjög mikilvægar vegna þess að þær endurspeglar ákveðinn sannleik í samfélaginu sem við búum í.

## 2. Mnemosyne og vélin

Í ritgerðinni *Sögumaðurinn*, sem skrifuð var árið 1936, veltir þýski heimspekingurinn Walter Benjamin fyrir sér hugsunum í samhengi við tíðarandann og þróun texta í formi upplýsinga. Hann lýsir fréttatilkynningum á eftirfarandi hátt: Stuttar og hnitmiðaðar upplýsingar um gang heimsins sem eru gegnsýrðar af útskýringum og gefa ekkert svigrúm fyrir persónulega túlkun. Samkvæmt honum er hinn forni sögumaður munnlegrar hefðar að fjarlægjast hans samtíma og gengi viskunnar, sem fylgi sögunni, fallið. Auk þess heldur hann því fram að mannkynið leitist ótt og títt við að stytta sér leiðir og forðist að takast á við hluti sem krefjast mikils tíma.<sup>8</sup>

Í nútímasamfélagi erum við í sömu sporum, eða jafnvel lengra komin í þessari þróun. Upplýsingar og staðreyndir eru innan seilingar fyrir flesta, meðal annars á internetinu, í sjónvarpinu, útvarpinu, dagblöðum og fleiri miðlum. Við þurfum ekki að taka okkur tíma til þess að leita að upplýsingum í bókum eða leggja hluti á minnið vegna þess að nánast allt er innan seilingar á internetinu.

Nicholas Carr talar um það í áður nefndri bók að hann telji internetið hafi áhrif á langtímaminni okkar og hæfnina til þess að djúplesa og muna. Við festum minningar á tölvutæku formi og skjalfestum þær á internetinu. Tölvur og myndavélar eru sagðar hafa tiltekið „minni“ eða minniskort sem er samt sem áður mjög frábrugðið mannlegu minni. Carr minnst á kanadíska rithöfundinn Don Tapscott sem heldur því fram að það að leggja langa kafla eða sögulega atburði á minnið sé úrelt fyrirbæri. „Að leggja hluti á minnið er tímasóun þegar hægt er að komast að öllu með hjálp Google“.<sup>9</sup> En svo virðist sem Carr sé ekki fullkomlega sammála því.

Carr talar um að hjá Grikkjum til forna hafi minnið verið gyðja sem bar nafnið Mnemosyne. Hún var talin móðir menntagyðjanna eða músanna, eins og

---

<sup>8</sup> Walter Benjamin, „Sögumaðurinn“, í *Fagurfræði og miðlun* (Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík, 2008) bls. 251 – 252.

<sup>9</sup> Nicholas Carr, *The Shallows: What the Internet is Doing to our Brains* (Norton & Company, New York, London, 2011) bls. 181.

þær eru oft kallaðar, en þær eru verndargyðjur söngs, lista og vísinda. Heilagur Ágústínus sagði að minnið endurspegladi mátt Guðs í mönnum. Árið 1892 sagði ameríski heimspekingurinn William James að listin að muna væri listin að hugsa. En nú á tímum, samkvæmt Carr, virðist Mnemosyne vera orðin að vél, hefur tapað guðdómleika sínum og er við það að glata mennskunni.<sup>10</sup>

Tæknin þróast stöðugt hraðar í takt við tímann og fólk þarf að halda í við hvort tveggja. Við göngum með snjallsíma, fáum ígræðslur sem prentaðar eru úr 3D prentara og tökum lyf til þess að halda okkur vakandi. Hægt væri að segja að við séum að tapa mennsku okkar í tækninni. Reyndar virðist sem við höfum verið að tapa mennsku okkar ásamt minni, með hverju nýju skrefi og tækninýjung, ef taka má mark á þeim höfundum sem vísað er í hér að ofan, einkum Carr og Blackmore. Gæti verið að með hverri framför fylgi ákveðin afturför? Fylgir alltaf missir í því að hagnast og öfugt? Eða er þetta kannski „eilífa hræðslan“ sem Umberto Eco talaði um?

Í laginu *Stories of the Street (Sögur af götunni)* eftir kanadíska ljóðskáldið og tónlistarmanninn Leonard Cohen, er setning sem er svohljóðandi:

„You are locked into your suffering and your pleasures are the seal“ og gæti útlagst sem „Þú ert læstur í eigin þjáningu og ánæga þín er innsiglið.“<sup>11</sup> Þessi setning er afar lýsandi fyrir ástandið sem einstaklingur gæti upplifað þegar hann áttar sig á því, að til þess að lina þjáningu sem fylgir eilífri hræðslu um veru heimsins, verður hann að gefa upp þægindi sem fylgja núverandi ástandi. Ef einstaklingur nær því aftur á móti að venjast ákveðnum þægindum, er erfitt að gefa þau upp á bátinn, þrátt fyrir vitneskjuna um að hlutir gætu batnað. Ástandið sjálft er tvíeggjað sverð.

### 3. Hinn sjónræni sögumaður

Ef það er eitthvað sem minnir okkur á hvað það er að vera mennsk er það listin og sköpunin. Listin er eitthvað sem fylgt hefur mannum í tímans rás eða, eins og sumir telja, í rúm hundrað þúsund ár ef ekki lengur.<sup>12</sup> Hún er eitthvað sem nær

---

<sup>10</sup>Nicholas Carr, *The Shallows: What the Internet is Doing to our Brains* (Norton & Company, New York, London, 2011) bls. 181 - 182.

<sup>11</sup> Leonard Cohen, *Stories of the Street* (YouTube. 4. október, 2010. Sótt 2. janúar, 2015).

<sup>12</sup> Chip Walter, „The First Artists: How Creativity Made us Human“, *National Geographic* (janúar, 2015, 227) bls. 53.

lengra aftur í tímann en hið ritaða orð og hefur jafnvel átt uppruna sinn um svipað leyti og tungumálið sjálft. Sumir álíta jafnvel að listin eða sköpunin sé það sem geri okkur mennsk.<sup>13</sup> Tungumálið og listin eru ekki óskyld fyrirbæri. Ef til vill eru bæði tengd hinum mannlega vilja að tengjast öðru fólki, miðla upplýsingum og eigin tilfinningum. Í bókinni *Art as Experience* talar bandaríski heimspekingurinn John Dewey um að besta leiðin til að nálgast ferli, upplifun og tilfinningar annarrar manneskju sé einmitt í gegnum listina.<sup>14</sup>

Listaverk endurspeгла ferli og hugsun listamannsins sem skóp þau. Ásamt því endurspeгла þau þann tíma sem umlukti þau þegar þau voru sköpuð. Hægt er að skynja þessa þætti, ef áhorfandi gefur sér tíma til þess að virða verkin fyrir sér og djúplesa þau. Dewey heldur því fram að til þess að skynja listaverk verði áhorfandi að skapa sína eigin upplifun út frá verkinu, sem inniheldur sambærilega reynslu og skapari verksins upplifði.<sup>15</sup> Með öðrum orðum, endurspeгла sitt eigið líf í ferli listamannsins. Listamaðurinn mun ávallt vera til staðar í verkinu, hvort sem hann er á staðnum eða ekki. Hann er hinn sjónræni sögumaður og verkið frásögn án orða.

Öll listaverk búa yfir undirliggjandi sögu. Áhorfandi verður að lesa á milli línanna, endurspeгла sína eigin hugsun, sitt eigið ferli í verkinu og verða þannig fyrir upplifun. Ef til vill er hinn forni sögumaður munnlegrar hefðar sem Walter Benjamin talaði um ekki svo fjarlægur, heldur aðeins í felum. Hann felur sig á bakvið hluti sem eru handan útskýringa og orða. Sögumaðurinn og listamaðurinn gætu allt eins verið sama manneskjan. Því hvað eru orðin annað en efniviður notaður til þess að koma djúpstæðri merkingu til skila? Það að segja sögu er list. Það að geta hlustað og virkilega tileinkað sér sögu er jafnmikil list og að geta sagt hana. Á meðan við hlustum heyrum við orðin sem endurspeglast í eigin upplifunum og minningum. Fyrir okkur skapast ákveðin mynd af sögunni sem hver og einn getur upplifað út frá eigin skilningi og öðlast visku út frá því, rétt eins og þegar horft er á listaverk. „Því rækilegar sem hlustandinn gleymir sjálfum

---

<sup>13</sup>Chip Walter, „The First Artists: How Creativity Made us Human“, *National Geographic* (janúar, 2015, 227) bls. 32.

<sup>14</sup>John Dewey, *Art as Experience* (Penguin Group, New York, 1980) bls. 36 – 59.

<sup>15</sup>Sama heimild, bls. 56.

sér, þeim mun dýpra greypist hann í það sem hann hlustar á (...) Sá sem hlustar á sögu er í félagsskap sögumannsins; jafnvel sá sem les deilir félagsskapnum.<sup>16</sup>

Á sama hátt miðlar listverk ákveðinni víska, líkt og dæmisaga eða gáta sem krefst hugsunar og lesturs áhorfanda. Þessi víska er ekki bundin orðum heldur því sem liggur á milli línanna. Áhorfanda gefst ekki aðeins tækifæri til þess að skyggast inn í huga annarrar manneskju heldur einnig aftur í tímann. Það mætti líkja listaverkinu við glugga sem veitir innsýn í líf, ferli og samtíma listamannsins.

#### 4. Ferlið í verki

Ef við gefum okkur að listaverkið í sjálfu sér sé í raun endapunktur ferlis listamannsins eða margra ferla sem runnið hafa saman í eina heild, hljóta ferlin óhjákvæmilega að vera hluti af listaverkinu sjálfu. Ef ferlin eru hluti af listaverkinu hlýtur hugmyndin eða kveikjan að verkinu að vera það einnig. Auk þess eru öll listaverk að hluta til gerð með tilliti til þess sem kom á undan, hvort sem það er meðvitað eða ekki. Líkt og Walter Benjamin segir um sagna- og rithefð, er öllum verkum ausið upp úr sama brunni sem samanstendur af eldri stefnum, aðferðum og hugmyndafræði.<sup>17</sup> Ræturnar eru stöðugt að lengjast og brunnurinn virðist ótæmandi. Ef taka á tillit til kenninga Susan Blackmore myndi það að skapa list eflaust vera „meme“, eða skrásetning hennar. En þessi tegund skrásetningar er, eins og minnst var á hér að ofan, eldri en ritað mál. Þessi skrásetning er frábrugðin hinu ritaða máli á þann veg að hún er eftirlíking þess sem einhver sér eða upplifir, sett fram á myndrænan hátt. Listin kennir fólki að setja sig í spor annarra með því að sýna ferli sem önnur manneskja hefur gengið í gegnum og tengir þannig huga saman.

Þar sem ferlið er óhjákvæmilegur hluti af verkinu hlýtur það einnig að geta verið megináhersla í heildarmynd verksins. Þar kemur gjörningalistin til sögu. Ef við gefum okkur að málverk eða skúlptúr sé nokkurs konar endapunktur í ferli er gjörningurinn eins konar ferli í sjálfu sér, en áherslan hefur verið flutt til. Áhorfendum er gert kleift að fylgjast með ferlinu sjálfu sem verður að listaverki. Með því verður ferlið, líkami og orka listamannsins að megináherslu í verkinu og

---

<sup>16</sup> Walter Benjamin, „Sögumaðurinn“ í *Fagurfræði og miðlun*, (Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 2008), bls. 267.

<sup>17</sup> Sama heimild, bls. 264.

færir það einu skrefi nær áhorfandanum. Í þessu samhengi er listamaðurinn sögumaður og er líkamlega til staðar. Verkið er saga sem er að fæðast, saga sem hefur ekki verið skráð.

Í sumum tilfellum sitja leifar gjörningsins eftir, en þær virðast oft hafa minna vægi en gjörningurinn sjálfur. Stundum eru þær til þess eins að gefa til kynna að eitthvað hafi yfirleitt átt sér stað. Það er svipað og þegar hugmynd verður að megináherslu verks og hefur þá verið skilgreind sem hugmyndalist (konseptlist).

Tæknin hefur óhjákvæmilega haft áhrif á nútímalist og orðið til þess að ýmsir nýir og tæknitengdir undirflokkar hafa skapast, til að mynda hljóðlist, raflist, hreyfilist og miðlalist. Það sem aðskilur eina tegund listar frá annarri verður sífellt óskýrara, einn miðill flæðir yfir í annan. Það er áhugavert að fylgjast með því hvernig ný list sprettur fram á sjónarsviðið. Gjörningalístin fór til að mynda úr því að vera tilraunakennd spurning yfir í það að vera viðurkennd listgrein sem nýtur nú á tímum mikilla vinsælda.

Bandaríski listmálarinn, Jackson Pollock, var kenndur við abstrakt expressjónisma. Pollock er talinn frumkvöðull slettumálverksins og einkennast verk hans af mikilli stærð og ótrúlegri orku sem hægt er að skynja aðeins með því að horfa á þau. Sköpunin sem fólst í verkunum einkenndist einnig af mikilli orku, en Pollock notaði allan líkamann til þess að varpa stórum slettum á flötinn. Hann dansaði nánast í kringum strigann á gólfinu, líkt og hann væri í leiðslu. Ljósmyndir og myndskreið voru tekin af honum við sköpun verkanna og telur RosaLee Goldberg að sú skrásetning, hafi verið einn megináhrifavaldur vestrænnar gjörningalistar. Skrásetningin sýndi að ferlið sjálft var stór og ómissandi þáttur í verkunum.<sup>18</sup>

Árið 1960 tók franskur listamaðurinn Yves Klein ferlið skrefinu lengra en Pollock hafði gert. Hann flutti ferlið inn í sýningarrýmið og gerði það að megináherslu verksins. Afleiðingin varð sú að ferlið sjálft varð að gjörningi. Klein málaði með nöktum líkómum kvenna sem hann kaus að kalla mannlega pensla. Hann dró þær um striga sem staðsettur var á gólfinu. Líkamar þeirra skildu eftir sig för og er striginn með líkamaförunum ennþá hafður til sýnis. Afurðin gaf til

---

<sup>18</sup> RoseLee Goldberg, *Performance: Live Art since the 60s* (Thames and Hudson, London, 1998) bls. 14.

kynna hvað hafði átt sér stað og vísaði í ferlið sjálft.<sup>19</sup> Um eigin list sagði Klein: „Það er ekki nóg að segja það eða skrifa: ég hef yfirstigið vandamál listarinnar. Maður verður enn að gera það. Ég hef gert það. Fyrir mér tengist málverkið í dag ekki auganu, heldur tengist það því eina sem við höfum en eigum ekki: LÍFUM okkar.“<sup>20</sup>

Klein hafði auðsjáanlega verið að hugsa um ferlið jafnt sem augnablikið sjálft og tímann sem felst í hvorutveggja. Eflaust öðlaðist hann meiri vitneskju um þessa hluti í gegnum Zen speki. en hann hafði dvalið lengi í Japan, sýnt austrænni speki mikinn áhuga og var með svarta beltið í júdó. En það var ekki aðeins Zen spekin sem heillaði hann, heldur trúin sjálf. Hann var í raun trúður maður og skilgreindi sig sem slíkan.<sup>21</sup> Það má sjá beinar tengingar á milli hugleiðinga Klein og sögunnar um *Hertoga Hwan og hjólasmiðinn* sem er í upphafi þessarar ritgerðar. Klein segir að ekki sé hægt að segja það eða skrifa, heldur sé aðeins hægt að yfirstíga „vandamál“ listarinnar með því að gera.

## 5. Listin og dauðinn

Listaverk býr yfir tíma sem hægt er að finna fyrir líkt og í aldagömlum handaförum í neðanjarðarhelli. Tíminn er það sem vekur undrun í hjörtum okkar vegna þess að óumflýjanlegur endapunktur tímans sem hver og ein manneskja upplifir er dauðinn. Dauðinn er hluti af lífinu, ekki andstæða þess. Dauðinn er endapunktur lífsins sem við þekkjum. Walter Benjamin skrifar að „öflugasta uppspretta hugsunarinnar um eilífðina hafi frá örófi alda verið dauðinn.“<sup>22</sup> Þannig tengist hin eilífa hræðsla sem Eco talaði um dauðanum á mjög sterkan hátt. Það er ekki líkamlega hægt að breyta hlutum eftir að við höfum dáið og það er í raun dauðinn sjálfur sem við hræðumst, dauði okkar og dauði mannkynsins. Benjamin minnst á orð franska heimspekingsins Paul Valéry:

„Það er næstum eins og það fari saman að hugsa minna um eilífðina og fælast meira og meira viðfangsefni sem taka langan tíma.“<sup>23</sup> Þetta sagði hann í tengslum

<sup>19</sup> Pierre Restany, *Yves Klein* (H.N. Abrams, New York, 1982) bls. 89 – 122.

<sup>20</sup> Sama heimild, bls. 7. „It’s not enough to say or write: I have gone beyond the problem of art. One must still have to have done it. I’ve done it. For me painting today no longer relates to the eye; it relates to the only thing in us that does not belong to us: our LIVES.“

<sup>21</sup> Sama heimild, bls. 15 – 18.

<sup>22</sup> Walter Benjamin, *Sögumaðurinn*, 259.

<sup>23</sup> Sama heimild.

við breytt andlit dauðans, að það hafi breyst vegna þess að dauðinn sjálfur væri smátt og smátt að fjarlægjast okkur, líkt og hinn forni sögumaður.

Á miðöldum var dauðinn mjög nálægur. Samkvæmt Benjamin var varla til það herbergi þar sem einhver hafði ekki dáið einhvern tíma. „Miðaldir skynjuðu líka í rými það sem forn áletrun á sólúri einu á Ibiza skýrir í tíma: *Ultima multis* (síðasti dagur margra).<sup>24</sup> Samkvæmt ummælum Valéry og Benjamin hér að ofan, mætti draga þá ályktun að tíminn hafi liðið mun hægar þá en hann gerir nú. Dauðinn er jafnvel fjarlægari nú, en þegar Walter Benjamin ritaði þessi orð. Í hinum vestræna heimi á hann sér oftast stað á spítölum eða elliheimilum, þegar fólk er orðið gamalt, eða þá í sjónvarpinu, fréttunum, langt í burtu og í fjarlægum löndum.

Það sem liggur handan marka lífs og dauða er ráðgáta sem maðurinn hefur reynt að svara eða geta sér til um að minnsta kosti síðan hið talaða mál kom til sögunnar. Walter Benjamin sagði að dauðinn væri staðfesting alls sem sögumaðurinn gæti sagt frá. „Hann sækir myndugleika sinn til dauðans. Með öðrum orðum: Í sögum sínum vísar hann aftur í veraldlegu söguna.“<sup>25</sup> Á svipaða hátt og hvert listaverk í sögu myndlistarinnar vísar í það sem hefur þegar átt sér stað. Þannig mætti segja að dauðinn sé ávallt undirliggjandi þáttur í öllu sem við gerum, öllu sem við sköpum, öllu sem við tileinkum okkur og öllu sem við endurspeglum okkur í, hvort sem það er meðvitað eða ekki.

Árið 2009 sýndi íslenski myndlistarmaðurinn Ragnar Kjartansson verk á Feneyjartvíæringnum sem bar heitið *The End (Endirinn)*. Það samanstóð af gjörningi, málverkaseríu og vídeó innsetningu. Staðsetning sýningarinnar var mjög lýsandi fyrir Feneyjar: dórískar súlur og gjálfur í vatninu fyrir utan bygginguna. Ragnar var þar í sex mánuði að mála fáklæddan vin sinn á meðan þeir drukku bjór og reyktu sígarettur. Á meðan á þessu stóð safnaðist upp málverkasería sem sýndi sama myndefni. Vídeóverkið sem var einnig á staðnum sýndi Ragnar og vin hans spila á hljóðfæri í snæviþöktum Klettafjöllunum. Áhorfendum var boðið að koma inn og fylgjast með ferlinu sem var að eiga sér stað. Eitt málverk var gert á degi hverjum og í lok sýningarinnar voru þau orðin að mikilfenglegri seríu. En í þessu tilfelli var það gjörningurinn sjálfur sem skipti ef til vill mestu máli, það að mála málverkin og vera á

---

<sup>24</sup> Walter Benjamin, *Sögumaðurinn*, bls. 259.

<sup>25</sup> Sama heimild, bls. 260.



staðnum, ferlið sjálf. Nafn listaverksins virðist vísa beint í dauðann, eða enda ferlisins.<sup>26</sup>

Annað verk eftir Ragnar Kjartansson nefnist *The Visitors (Gestirnir)* og var vídeó innsetning. Fólk lék á hljóðfæri í myndskreiðum sem staðsett voru allt um kring í sýningarrýminu, en höfðu öll verið tekin upp í sama húsi og á sama tíma. Fólkíð spilaði og söng allt sama lagið og ein setning þess var svohljóðandi:

„There are stars exploding around you and there’s nothing, nothing you can do“ sem myndi þýðast á íslensku sem: „Það eru stjörnur að springa í kringum þig og það er ekkert, ekkert sem þú getur gert“.<sup>27</sup> Setningin gefur í skyn ákveðið hjálparleysi og einsemd. Tilfinningin að geta ekkert gert tengist ef til vill eilífu hræðslunni – hræðslunni við það sem tekur við. Í raun gæti tilfinningin frekar verið eilífðar hræðsla, ekki við dauðann heldur við tómið. Ragnar talar um að í *The Visitors* hafi hann verið að vinna með skilnað við eiginkonu sína og að verkið stæði fyrir enda tímabils í lífi manneskju og þess sem tæki við.<sup>28</sup>

Þýski rithöfundurinn Jean Paul var fyrstur að nota orðið *Weltschmerz* í bók sinni *Selena*, en þar lýsir hann óhamingju enska skáldsins Byrons lávarðar. Orðið þýðist yfir á íslensku sem *heims-sársauki* eða *heims-þjáning* og er notað til þess að lýsa kvíðatilfinningu sem orsakast af hinu slæma í heiminum.<sup>29</sup> Þetta orð á ef til vill vel við um verk Ragnars Kjartanssonar.

Orðið *Weltschmerz* hefur verið tengt við þunglyndistilfinningu eða melankólíu. Ef manneskja er meðvitað um hið slæma í heiminum eru tilfinningar af þessu tagi óumflýjanlegar og svo virðist sem hlutverk listamannsins sé að vera meðvitaður. Eins og listin sjálf endurspeglar hann samfélagið sem hann lifir í. Sagt hefur verið að undirliggjandi þáttur í verkum Ragnars Kjartanssonar sé í raun melankólía listamannsins.<sup>30</sup>

Listamaðurinn verður að vera meðvitaður um lífið, dauðann, ástina og ferlið sem stöðugt á sér stað til þess eins að geta skapað list. Þessi stöðuga meðvitund vekur upp ákveðnar spurningar sem erfitt er að finna svör við,

---

<sup>26</sup> Þór Andrésson, Dorothee Kirsch, *The End: Ragnar Kjartansson* (Osfieldern, Þýskaland, Hatje Catnz 2009) bls. 101 – 105.

<sup>27</sup> Ragnar Kjartansson, *The Visitors*, HangarBicocca, YouTube, 18. september, 2013. Sótt 12. janúar, 2015. <https://www.youtube.com/watch?v=lcwGnWuXJuU>

<sup>28</sup> Sama heimild.

<sup>29</sup> TheFreeDictionary, *Weltschmerz*. Sótt 12 janúar, 2015. <http://encyclopedia.thefreedictionary.com/Weltschmerz>

<sup>30</sup> Þór Andrésson og Dorothee Kirsch, *The End: Ragnar Kjartansson* (Osfieldern, Þýskaland, Hatje Catnz 2009) bls. 101 – 105.

sérstaklega þegar einstaklingurinn gerir sér grein fyrir því að nánast ekkert er gefið. Vitneskjunnir fylgir ákveðinn þungi. Því hafa listamenn, heimspekingar og aðrir sem fást við spurningar sem virðast ekki hafa nein svör, oft verið bendlaðir við þunglyndi eða melankólíu. Textabrotið úr lagi Leonard Cohen sem vitnað var í hér að ofan á einnig við hér, því það undirstrikar þessa meðvitund. Leonard Cohen hefur verið talinn framúrskarandi listamaður á sínu sviði og hefur upplifað svipað hugarástand. Í viðtali við hann má lesa eftirfarandi:

„Það kemst enginn í mjög kröftugt ástand nema þeir séu að þjást (...) Það er vinsæl hugmynd að eingöngu það að þjást gefi af sér góða- eða upplýsandi list. Ég held að það sé ekki tilfellið. Á vissan hátt er hún kveikja en ég held að góð list sé sköpuð þrátt fyrir þjáninguna.“<sup>31</sup>

Eitt þekktasta verkið sem fjallar um þetta efni er *Melancholia I* (1514), allegorísk rista eftir þýska endurreisnarlistamanninn Albrecht Dürer.<sup>32</sup> Hún lýsir ástandi listamannsins tiltölulega vel ef marka má fjölbreyttar túlkanir verksins í gegnum tíðina. Sumir telja að nafn verksins sé vísun í fyrstu af þrem gerðum melankólíu sem þýski humanistinn Cornelius Agrippa skilgreindi. Sú gerð af melankólíu vísaði til listamannsins sjálfs og bar heitið ‘melancholia imaginativa’: þegar ímyndunaraflið yfirstígur hugsun og rökfræði. Á allegoríunni eru merki sem vísa í tímann, dauðann, sköpunina og ástina svo eitthvað sé nefnt.<sup>33</sup>

## 6. Líf handan dauða

Í *Samdrykkju* Platons segir Sókrates frá kenningum Díótímu um Eros, eða ástina. Díótíma segir meðal annars að virkni ástarinnar felist í lönguninni til að öðlast eilíft líf eða verða hluti af eilífðinni. Samkvæmt henni var það að geta af sér barn hluti af þessu ferli. Einnig það að geta af sér listaverk, bókverk, hetjudáð eða eitthvað sem ekki myndi falla í gleymsku komandi kynslóða. Manneskjan

---

<sup>31</sup> Leonard Cohen, *Leonard Cohen on Depression and Relationships*, (YouTube, 13. ágúst, 2009, sótt 12. janúar, 2015). <https://www.youtube.com/watch?v=FAoHYBpj8vY> “Nobody gets into a very rigorous activity unless they're suffering (...) It's a popular notion that it's exclusively suffering that produces good work or insightful work. I don't think that's the case. In a certain sense it's a trigger or a leaver but I think that good work is produced in spite of suffering.”

<sup>32</sup> Sjá mynd nr. 2 í viðauka.

<sup>33</sup> Ewald Lassnig, *Dürers "MELENCOLIA-I" und die Erkenntnistheorie bei Ulrich Pinder* (Wiener Jahrbuch für Kunstgeschichte, 2008) bls. 51–95

þráir að lifa eftir dauðann með því að skilja eitthvað markvert eftir sig og setja þannig fingrafar sitt á söguna.<sup>34</sup>

Rúmlega 37.000 ára gömul stensluð handaför í El Castillo hellinum á Spáni senda okkur skilboð sem lifað hafa í tímans rás: Eins og þú, er ég maður. Ég lifi. Ég var hér.<sup>35</sup>

Árið 1997 framdi belgíski listamaðurinn Francis Alÿs gjörning sem tengdist beint viljanum til þess að skilja eitthvað eftir sig en að takast það ekki. Gjörningurinn bar heitið *Paradox of Praxis I: Sometimes making something leads to nothing* og átti sér stað í Mexíkóborg, þar sem listamaðurinn var búsettur á þeim tíma. Alÿs byrjaði á því að ýta stórum ísklumpi á undan sér í gegnum stræti og götur Mexíkóborgar. Ísklumpurinn myndaði línu á stéttinni sem gufaði síðan upp í hitanum. Hann hélt þessu áfram í níu klukkustundir, eða þar til ísklumpurinn var bráðnaður upp til agna og ekkert stóð eftir af verknaðinum sem framinn hafði verið. Að vísu var fimm mínútna myndband tekið, til þess að sanna að eitthvað hafi átt sér stað. Sú skrásetning var reyndar aukaatriði því það var sögnin í verknaðinum sem mestu máli skipti fyrir verkið sjálft.<sup>36</sup>

Verk listamannsins Richard Long virðast einnig tengjast þessari hugsun. Eina tólið sem hann notaðist við í flestum verkum sínum var líkaminn sjálfur og náttúran. Hann fór í langar göngur, gekk fram og til baka og myndaði þannig beinar línur yfir landslag eða gekk í endalausum hringi. Það var oftast enginn sem fylgdist með þessu ferli hans, en þegar því var lokið, tók hann mynd af sporunum sem eftir stóðu, leifum verknaðarins. Verkið sjálft grotnaði með tímanum niður í náttúrunni. Það mætti segja að verkið hafi verið gjörningatengt, en ekki gjörningur í sjálfu sér vegna þess að það voru engir áhorfendur til að fylgjast með honum. Þrátt fyrir það er hægt að finna fyrir gjörðinni í verkinu sjálfu, líkt og í málverkum Jackson Pollock. Sjálfur hefur Long sagt að verkin sem hann skapar séu ekki tálmyndir eða konseptlist. „Þau fjalla um alvöru steina, alvöru tíma, alvöru gjörðir. Ég nota veröldina eins og ég finn hana.“<sup>37</sup> Þegar hann sýnir á listasöfnum

<sup>34</sup> Platon, *Samdrykkjan*, bls. 113 – 120.

<sup>35</sup> Chip Walter, “The First Artists: How Creativity Made us Human”, *National Geographic*, (janúar, 2015, 277) bls. 53.

<sup>36</sup> Cuauhtémoc Medina, Russell Ferguson, Jean Fisher, *Francis Alÿs*, (Phaidon, London, New York, 2007) bls. 46 – 47.

<sup>37</sup> Richard Long, *Richard Long: Walking in Circles* (Thames and Hudson, London, 1991) bls. 8.

færir hann náttúruna inn á safnið, en heldur áfram að vinna með hringlaga og línukennd form.<sup>38</sup>

Hægt er að sjá merki um svipaða hugsun hjá ýmsum listamönnum í gegnum tíðina. Í ræðu sem beint var til nýútskrifaðra listnema í Richmond, í Virginíu-fylki í Bandaríkjunum árið 2013, minnst bandaríska listakonan Teresita Fernádes á orð vinar síns, Félix González-Torres, listamanns sem dó úr eyðni árið 1996. Hann sagði að „umfram allt annað, hafi listin snúist um að skilja eftir merki um að hann hafi verið til: Ég var hér. Ég var svangur. Ég var sigraður. Ég var glaður. Ég var leiður. Ég var ástfanginn. Ég var hræddur. Ég var vongóður. Ég hafði hugmynd og ég hafði góða ástæðu og þess vegna bjó ég til listaverk.“<sup>39</sup>

Þessa þrá geta eflaust flestir listamenn tengt sig við, það er viljann til þess að skilja eitthvað eftir sig líkt og mennirnir sem skildu eftir sig handaför í hellinum fyrir óralöngu.

## 7. Fingrafarið og eilífðin: Sjálfsskoðun

Hver og ein manneskja hefur sitt eigið ferli til þess að byggja á, sínar eigin tilfinningar, upplifanir og hugsanir. Á sama hátt hefur hver manneskja sitt eigið fingrafar sem aðgreinir okkur frá öðrum en á sama tíma eiga allir það sameiginlegt. Að skilja fingrafar sitt eftir á sögu eilífðarinnar er einnig það sem flestir þrá. Þetta er hugsun sem ég hef sjálf verið að velta fyrir mér í nokkurn tíma og hef einnig unnið verk sem tengjast henni á vissan hátt.

Verk sem ég vann nýverið og bar heitið *06:24:18* samanstóð af blekþrykktum fingraförum sem þöktu stórt og langt stykki af þunnum dagblaðapappír. Tíminn sem tók að þekja pappírinn var 6 klukkustundir, 24 mínútur og 18 sekúndur og dró verkið nafn af því.<sup>40</sup> Það var reyndar tilviljun að talan 6 hafi gengið upp í tölurnar sem komu upp á endanum, en skemmtileg tilviljun engu að síður. Meðan á ferlinu stóð lá sköpun þess í einfaldri hreyfingu,

---

<sup>38</sup> Sama heimild, bls. 8 – 12.

<sup>39</sup> Teresita Fernádes, *On Amnesia, Broken Pottery and the Inside of a Form*, (Virginia, Penultimosdias.com, Commonwealth University School of the Arts. 15. maí, 2013, sótt 12. janúar 2015). <http://www.penultimosdias.com/2013/05/15/on-amnesia-broken-pottery-and-the-inside-of-a-form/> „Above all else, it is about leaving a mark that I existed: I was here. I was hungry. I was defeated. I was happy. I was sad. I was in love. I was afraid. I was hopeful. I had an idea and I had a good purpose and that’s why I made works of art.“

<sup>40</sup> Sjá mynd nr. 4 í viðauka.

þ.e. að þrykkja blekþöktum fingri margsinnis á pappírinn. Ferlið skipti mestu máli í verkinu sjálfu og ég uppgötvaði margt á leiðinni. Með hverju fingrafari varð verkið mikilfenglegra og öðlaðist dýpri merkingu fyrir mér.

Út frá þessari hugsun vann ég mína fyrstu einkasýningu sem bar heitið *Dreggjar* eða *Remnants*.<sup>41</sup> Öll verkin á þeirri sýningu voru í svipuðum dúr og verkið sem ég vann fyrst. Öll nema eitt voru unnin með líkamanum, beint inn í rýmið. Þau báru mark um ferlið sem hafði átt sér stað og voru gjörningatengd þrátt fyrir að gjörningurinn hafi ekki átt sér stað fyrir framan áhorfendur. Vinnan við sýninguna í heild sinni var upplifun fyrir mér og leiddi mig í átt að því sem ég velti fyrir mér í þessari ritgerð. Verkið sem ekki var unnið með líkamanum var gert með mekanískum bolta sem festur hafði verið í stiga. Hann snerist í endalausá hringi rangsælis í gegnum blekpoll sem ég hafði komið fyrir á gólfinu. Það var eina ferlið sem hélt áfram að eiga sér stað meðan á sýningunni stóð og tengdist sambandi manns og vélar.<sup>42</sup>

## Lokaorð

Í þessari ritgerð hef ég reynt að fanga þær hugmyndir sem mér finnst mikilvægar í tengslum við listsköpun. Ég hef rannsakað mannkynið út frá tungumálinu og velt því fyrir mér hvers vegna við sköpum yfirhöfuð. Spurningarnar sem ég hef lagt fram eru bæði stórar og erfiðar. Sömuleiðis hef ég áttað mig á því að þegar reynt er að svara spurningum um listina er erfitt að komast að nokkurs konar sannleik í formi orða. Ritgerðarskrifin í heild sinni hafa fyrir mér verið eitt stórt ferli sem endurspeglar ef til vill listina og lífið sjálft. Eftir þessa upplifun skil ég vel hvað hjólasmiðurinn Phien hefur átt við er hann ræddi við Hwan hertoga.

Ef til vill er listin allsherjar vilji listamannsins að geta eitthvað af sér og skilja eitthvað eftir sig. Þrátt fyrir að það sé eitthvað sem eyðist með tímanum, lifir hugsunin ennþá, vitneskjan um að eitthvað hafi átt sér stað og tíma, eitthvað sem er handan orða: ástaróður til lífsins og tilverunnar.

Þegar öllu er á botninn hvolft er orðið „list“ aðeins mjög loðið hugtak, orð sem nær ekki einu sinni yfir fyrirbærið sjálft. Fyrir mér er listin eitthvað sem ekki er hægt að fanga með orðum. Hún liggur handan orða ásamt tilfinningum og

---

<sup>41</sup> Sjá mynd nr. 5 í viðauka.

<sup>42</sup> Sjá mynd nr. 6 í viðauka.

óefnislegum hlutum. Það að geta af sér er list, það að vera meðvitaður um ferli lífsins er list og það að geta speglað sitt eigið sjálf í ferli annarra er list. Með orðum er hægt að afmarka, flokka, skilgreina, skrá og skjalfesta, en það nær aðeins jafnlangt og orðin leyfa. Lífið og listin eru óaðskiljanleg. Listamaðurinn dansar á óefnislegri línu sem skilur eitt frá öðru og samaneinar allt í senn. Hlutverk hans er að endurspegla listina í lífinu og lífið í listinni, meðvitaður um að það sem hann gerir í lífinu muni bergmála í eilífðinni.

## HEIMILDASKRÁ

### Bækur:

- Benjamin, Walter, „Sögumaðurinn“, í *Fagurfræði og miðlun* (1892 – 1940),  
Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 2008.
- Carr, Nicholas, *The Shallows: What the Internet is Doing to our Brains*, Norton &  
Company, New York, London, 2011.
- Dewy, John, *Art as Experience: Having an Experience*, Penguin Group, New York,  
1980.
- Goldberg, RoseLee, *Performance: Live Art since the 60s*, Thames and Hudson,  
London, 1998.
- Lassnig, Ewald, *Dürers "MELENCOLIA-I" und die Erkenntnistheorie bei Ulrich P  
inder*; in: Wiener Jahrbuch für Kunstgeschichte, 2008.
- Long, Richard, *Richard Long: Walking in Circles*, Thames and Hudson, London,  
1991.
- Kirsch, Dorothée, Þór Andrésson, *The End: Ragnar Kjartansson*, Osfildern,  
Þýskaland, Hatje Catnz, 2009.
- Medina, Cuauhtémoc, Russell Ferguson, Jean Fisher, *Francis Alÿs*, Phaidon, London,  
New York, 2007.
- Merton, Thomas, *The Way of Chuang Tzu, Duke Hwan and the Wheelwright*, New  
Directions, New York, 1968.
- Ong, Walter J., *Orality and Literacy*, Routledge, New York, 1982.
- Platon, *Samdrykkjan og Plótínos: Um fegurðina I. 6.*, Eyjólfur Kjalar Emilsson þýddi,  
Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 1999.
- Restany, Pierre, *Yves Klein*, H.N. Abrams, New York, 1982.

### Tímarit:

- Walter, Chip, “The First Artists: How Creativity Made us Human”, *National  
Geographic*, janúar, 2015.

### Vefsíður:

- Alÿs, Francis, *Paradox of Praxis 1 (Sometimes Making Something Leads to  
Nothing*, Francys Alÿs, 1997, sótt 12. Okt., 2014.

<http://www.francisalys.com/public/hielo.html>

Blackmore, Susan: *Memes and “Temes”*. TED talks. Farbrúar, 2008.

Sótt 2. janúar, 2015.

[http://www.ted.com/talks/susan\\_blackmore\\_on\\_memes\\_and\\_temes?language=en#t-53127](http://www.ted.com/talks/susan_blackmore_on_memes_and_temes?language=en#t-53127)

Cohen, Leonard, *Stories of the Street*. Youtube. 4. október, 2010. Sótt 2. janúar, 2015.

<https://www.youtube.com/watch?v=HLDHaGya-f8>

Fernandes, Teresita, *On amnesia, broken pottery and the inside of a form*, Penultimosdias.com, 15. maí, 2013. Sótt 2. janúar, 2015.

<http://www.penultimosdias.com/2013/05/15/on-amnesia-broken-pottery-and-the-inside-of-a-form/>

Geir Sigurðsson, „Hvað er daoismi?“. *Vísindavefurinn*, 4. júní, 2014.

Sótt 7. desember, 2014.

<http://visindavefur.is/?id=10145>



## VIDAUKI

(1)

### *Duke Hwan and the Wheelwright*

Duke Hwan of Khi,  
First in his dynasty,  
Sat under his canopy  
Reading his philosophy;  
And Phien the wheelwright  
Was out in the yard  
Making a wheel.  
Phien laid aside  
Hammer and chisel,  
Climbed the steps,  
And said to Duke Hwan:  
“May I ask you, Lord,  
What is this you are  
Reading?”  
The Duke said: “The experts. The authorities.”  
And Phien asked:  
“Alive or dead?”  
“Dead a long time.”  
“Then,” said the wheelwright,  
“You are reading only  
The dirt they left behind.”  
Then the Duke replied:  
“What do you know about it?  
You are only a wheelwright.  
You had better give me a good explanation  
Or else you must die.”  
The wheelwright said:  
“Let us look at the affair  
From my point of view.  
When I make wheels  
If I go easy, they fall apart,  
If I am too rough, they do not fit.  
If I am neither too easy nor too violent  
They come out right. The work is what  
I want it to be.  
You cannot put this into words:  
You just have to know how it is.  
I cannot even tell my own son exactly how it is done,  
And my own son cannot learn it from me.  
So here I am, seventy years old,  
Still making wheels!  
The men of old  
Took all they really knew  
With them to the grave.  
And so, Lord, what you are reading there  
Is only the dirt they left behind them.”<sup>43</sup>

---

<sup>43</sup> Thomas Merton, *The Way of Chuang Tzu*, New Directions, New York, 1969, bls. 82.

(2)



(3)



(4)









(5)

